



Straumhvörf á fjármálamarkaði – eftirlit, aðhald og ábyrgð

Framfaraskref – nýjustu fréttir

29. janúar 2010

Tryggvi Pálsson
SI-60550

Almenn atriði



- Fjármálastöðugleiki 2009 (26. október)
 - Umfjöllun í formála bankastjóra m.a. um nánara samstarf SÍ og FME
 - Kafli um endurreisn fjármálakerfis og efnahagslífs
 - Umbætur í umgjörð og eftirliti
 - Inngrip stjórnvalda við knýjandi aðstæður
- Reglur um lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð endurnýjaðar með hliðsjón af þróun á alþjóðlegum vettvangi sem og mótun hugmynda um þjóðhagsvarúð (e. macro-prudential)
- Endurbætur í greiðslumiðlun, uppgjörsmálum og upplýsingatækni

Framfaraskref – nýjustu fréttir



1. Endurfjármögnun sparisjóða

- Skuldbreytingar hjá SÍ í stað eiginfjárframlags ríkissjóðs

2. Öruggari greiðslumiðlun

- Áhætta í kortaviðskiptum minnkuð
- Samráðsvettvangur og starfshópar
- Clearstream - bein aðild að íslenskum innviðum

Endurfjármögnun sparisjóða



- Fjármálaráðherra hefur heimild til að leggja sparisjóðum til stofnfé fyrir allt að 20% af bókfærðu eigin fé í lok árs 2007 skv. lögum nr. 125/2008
- Alls átta sparisjóðir sóttu um framlag frá ríkinu
- Við fall Sparisjóðabankans í mars 2009 fluttust innstæður sparisjóða hjá honum til SÍ skv. ákvörðun FME
- Til mótvægis voru yfirfærðar kröfur Sparisjóðabankans á hendur sparisjóðunum til SÍ
 - SÍ varð því einn stærsti kröfuhafi smærri sparisjóða

Endurfjármögnun sparisjóða


- SÍ, fjármálaráðuneytið og sparisjóðirnir hafa unnið að lausn á endurfjármögnun sparisjóða með endurskipulagningu fyrrgreindra krafna
- SÍ sendir sparisjóðunum bréf með lýsingu á skilmálum
- Sparisjóðir fá traustari fjárhagslegan grundvöll og svigrúm til að endurskipuleggja rekstur sinn og auka samkeppnishæfni sína á fjármálamarkaði. SÍ fær uppgjör krafna
- Endurskipulagning skulda, helstu skilmálar:
 1. Hluta skulda sparisjóðsins verði breytt í eigið fé og/eða víkjandi lán en eftirstöðvum verði breytt í almennt lán. Hvati er til uppgreiðslu á kröfum
 2. Stofnfé verði afskrifað að því marki sem varasjóður er neikvæður
 3. Stofnfjárhlutir sem SÍ kann að eignast verði yfirteknir af ríkissjóði er feli Bankasýslu ríkisins að fara með eignarhaldið
 4. Sparisjóður uppfylli lausafjárkröfur SÍ og kröfur FME fyrir áframhaldandi starfsleyfi
 5. Sparisjóðurinn dragi til baka umsókn sína um eiginfjárframlag frá ríkissjóði að endurfjármögnun lokinni

Innlend greiðslumiðlun



- Stóðst áföllin í okt. 2008 og mars 2009
- Endurbætur SÍ
 - Afnáam yfirlýsingar SÍ v. uppgjörs greiðslukorta (des.'09)
 - Reglur um greiðsluuppgjör kortaviðskipta (1. des.'09)
 - Samstarfsvettvangur um greiðslumiðlun

Samstarfsvettvangur um greiðslumiðlun



Clearstream fær beina aðild



Clearstream

- Dótturfyrirtæki Deutsche Börse
- Í hópi stærstu aðila á vettvangi verðbréfaviðskipta og verðbréfauppgjörs í Evrópu
- Clearstream og Euroclear skrá íslensk verðbréf

Bein aðild 1. febrúar n.k. að:

- Stórgreiðslukerfi Seðlabankans
- Verðbréfaskráningu (NASDAQOMX á Íslandi)

Áhrif á innlendan markað



- Peningalegt uppgjör fer fram í Seðlabanka Íslands
 - Uppgjörsáhætta í lágmarki
- Greiðari aðgangur:
 - Erlendra fjárfesta að bréfum í Verðbréfaskráningu Íslands
 - Innlendra útgefenda verðbréfa að fjármögnun
- Stuðlar að betri tengslum og auknu trausti